

## Ólöf Kristín Daníelsdóttir

---

**Frá:** Formaður @ HFA <formadur@hfa.is>  
**Sent:** mánudagur, 14. júní 2021 16:51  
**Til:** hgu@vegagerdin.is; vegagerdin@vegagerdin.is; nordurland.eystra@logreglan.is; skipulagssvid@akureyri.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; Fjallabyggð; horgarsveit@horgarsveit.is  
**Afrit:** Stjórn  
**Efni:** Gangamót Greifans - Hjólreiðahátíð á Akureyri  
**Flokkar:** Vistað í OneCRM; 2106045  
**One:** -1

Þessi póstur er sendur á eftirtalda aðila:

*Lögreglan á Norðurlandri eystra, Vegagerðin, Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Hörgársveit*

Hjólreiðafélag Akureyrar heldur líkt og undanfarin ár Hjólreiðahátíð Greifans, þetta árið er dagskráin frá 24. júlí til 1. ágúst.

Hluti af þeirri dagskrá er Gangamót Greifans sem verður haldið fimmtudaginn 29. júlí næstkomandi.

Mótið er hluti af stigamótaröð HRÍ. Ræst verður klukkan 18:00 frá Sigló Hótel á Siglufirði og hjólað til Akureyrar. Gert er ráð fyrir því að síðustu keppendur komi í mark um klukkan 22:00. Hluti keppenda fer einnig inn í Svarfaðardal, tekur þar hringinn og heldur áfram til Akureyrar. Endamörk verða misjöfn eftir keppnishópum, annars vegar við skíðahótelinu í Hlíðarfjalli og hins vegar á svæði Bílklúbbs Akureyrar. Keppendur í flokkum U15 (13-14 ára) og U17 (15-16 ára) verða ræstir frá Dalvík og allir keppendur á þeim aldri þurfa að hafa fylgdarmann (á bíl eða hjól) með í braut.

Hér með er óskað eftir formlegu samþykki ofangreindra aðila fyrir því að mótið verði haldið. Sömuleiðis er óskað eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar séu framkvæmdir á leiðinni, fram að mótsdegi eða á mótsdeginum sjálfum. Eins og sjá má í keppnishandbók frá því í fyrra, hér að neðan, er varað við ýmsum aðstæðum á leiðinni - holum, varasömum beygjum, nýlagðri klæðningu og svo framvegis.

Þá er einnig óskað eftir því að sveitarfélagið aðstoði við að koma upplýsingum um mótið til sinna íbúa, með þeim miðlum sem í boði eru. Ef þörf er á, getur Hjólreiðafélagið aðstoðað við að búa til texta og útvega myndir sem geta fylgt slíkum tilkynningum.

Einnig er óskað eftir því að sveitarfélagið aðstoði við að útvega búnað sem gæti þurft til að setja upp í tengslum við umferðarstýringu, keilur, borðar, aðvörunar- og hjáleiddaskilti og fleira í þeim dúr.

Björgunarsveitir frá Fjallabyggð, Dalvík og Akureyri hafa fram að þessu aðstoðað við að tryggja að keppendur komist óhultir framhjá ýmsum gatnamótum, með því að hægja á umferð um þau rétt á meðan keppendur fara framhjá og eftir tilvikum, stöðva hana í eins stuttan tíma og mögulegt er og er stefnan að svo verði einnig í ár.

Ef engar athugasemdir hafa borist fyrir 18. júní næstkomandi gerir HFA ráð fyrir því að samþykki fyrir viðburðinum sé veitt.

Hér má nálgast keppnishandsbók frá því í fyrra, en hún hefur ekki verið gefin út fyrir mótið í ár. Upplýsingar um leiðina sjálfa og umferðarstýringu verða áfram óbreyttar.

[https://09d316ed-9a92-4bf9-9042-f36706cb89b1.filesusr.com/ugd/aa1e5b\\_016eba807a974af88bf0180accd7a341.pdf](https://09d316ed-9a92-4bf9-9042-f36706cb89b1.filesusr.com/ugd/aa1e5b_016eba807a974af88bf0180accd7a341.pdf)

**Helstu tengiliðir:**

**Mótsstjóri:** Jenný Grettisdóttir, 1912883009, 8660466, jennygrettis@gmail.com

**Aðstoðarmótsstjóri:** Rögnvaldur Már Helgason, 2604882369, 8680799, ritari@hfa.is  
**Framkvæmdastjóri Hjólreiðahátíðar, ábyrgðarmaður og öryggisfulltrúi:** Árni F. Sigurðsson, 0705893039, 8654195, formadur@hfa.is

Ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er óljóst.



Árni F. Sigurðsson  
Formaður  
s: 865 4195